



Félagsmálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Akureyri, 24. júní 2020

## Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna - Mál nr. 106/2020

### **Almennt um frumvarpið.**

Velferðarráð Akureyrarbæjar er sammála markmiðsgrein frumvarpsins um að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu án hindrana og telur frumvarpið afar jákvætt og metnaðarfullt. Mikilvægt er að þau ólíku kerfi sem vinna að málefnum barna og fjölskyldna samhæfi krafta sína til betri árangurs. Þannig má einnig koma í veg fyrir tvíverknad og létta álagi af fjölskyldum sem oft ganga á milli kerfa í leit að aðstoð og þurfa að segja sögu sína að nýju í hverju kerfi. Sem dæmi má nefna vanda þeirra mörgu barna sem lenda á milli í erfiðum deilum foreldra vegna hjónaskilnaða eða sambúðarslita. Umgengni verður til að mynda oft stórt ágreiningsefni foreldra og reynslan sýnir að aðstoð er vandfengin, kerfin vísa hvert á annað og málsmeðferð t.d. hjá sýslumanni er allt of hæg. Nú er tækifæri með þessu frumvarpi að gripa þennan hóp og leita lausna með velferð hans að leiðarljósi sem mun skila samfélagslegum ávinningi til lengri tíma litið.

Það er jákvætt og löngu tímabært að aðskilja ráðgjöf og eftirlit eins og til stendur að gera með stofnun Barna- og fjölskyldustofu og Gæða og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Hins vegar verður að segjast að yfirbragð frumvarpsins er nokkuð kerfislægt og mikið þúður virðist eiga að fara í skrifræði til miðlægra stofnana á höfuðborgarsvæðinu. Tími starfsmanna er dýrmætur og ætti að fara sem mest í beina þjónustu við fólk. Þess vegna þarf að vanda til varðandi þennan þátt, einfalda upplýsingaöflun og koma í veg fyrir tví- eða þríverknad. Þannig er ekki heppilegt að margar ríkisstofnanir séu að kalla eftir gögnum um sama efni en mögulega ekki á samræmdan hátt.

Nauðsynlegt er að leiðbeiningar séu tilbúnar við gildistöku frumvarpsins.

### **Persónuvernd, miðlun upplýsinga og samþykki foreldra.**

Ýmis ákvæði í frumvarpinu snerta persónuvernd og er hér hvatt til þess að vel verði farið yfir þau með hliðsjón af ákvæðum persónuverndarlaga. Sem dæmi má nefna að gert er ráð fyrir því að almennir aðilar safni og miðli gögnum varðandi þjónustu við börn og gert ráð fyrir að

þau hafi til þess lagaheimildir. Það er alls ekki í öllum tilvikum sem almennir aðilar hafa þessar heimildir og þarna gæti verið farið út á hálan ís ef t.d. íþróttafélög fara að safna viðkvæmum trúnaðarupplýsingum og óljóst hvað vinnst með því.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að þjónustuveitendur samþætti þjónustu ef foreldrar óska eftir því (19. og 22. gr.) Auðvitað er rétt og eðlilegt að foreldrar séu hafðir með í ráðum varðandi þjónustu við börn þeirra en frumvarpið tekur ekki á því hvað er til ráða ef foreldrar óska ekki eftir samþættri þjónustu. Í greinargerð er ýjað að því að í slíkum tilvikum skuli tilkynna mál til barnaverndar en það er alls ófullnægjandi og raunar ekki í takt við nútímann að búa til barnaverndargrýlu með þessum hætti. Eftir stendur því óleyst hvernig hægt er að samþætta þjónustu við öll börn. Varðandi miðlun upplýsinga þarf það að vera skýrt undir hvaða kringumstæðum starfsmönnum er heimilt að miðla upplýsingum í þágu samþættrar þjónustu við börn. Tekið er undir áhyggjur Sambands íslenskra sveitarfélaga af persónuverndarþætti þessa frumvarps og ábendingu um að sérhæfður persónuverndarfulltrúi verði fenginn til þess að koma að frumvarpsdrögunum.

### **Svæðisbundin farsældarráð barna.**

Sett er spurningarmerki við svæðisbundin farsældarráð barna eins og þeim er lýst í frumvarpsdrögunum. Úr þessu gæti orðið töluvert umfangsmikið bákn með utanumhaldi, áætlanagerð og skýrslugerð. Velta má því fyrir sér hvort starfskröfum og fjármunum er rétt varið í vinnu af þessu tagi? Lagt er til að þetta samráð verði einfaldað og fyrir alla muni þurfa svæðin að byggja á samstarfi sem fyrir er. Tekið er undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi þá athugasemd að það ætti að vera fullnægjandi að svæðisbundin farsældarráð framfylgi áætlun farsældarráðs barna sbr. 4. gr.

### **Stigskipting þjónustu**

Lagt er til í frumvarpinu að allri farsældarþjónustu skuli stigskipt og þannig greint á milli 1. 2. og 3. stigs þjónustu. Þetta er jákvætt skref en margar spurningar vakna s.s. hverjir sjá um og bera ábyrgð á frumgreiningu eða faglegu mati á þjónustuþörf fyrir 2. stig? Einnig má benda á að þegar horft er til barnaverndar sveitarfélags er ekki augljóst á hvaða stigi hún er. Hér er mikilvægt að tryggj sé að úrræði séu til staðar einkum á 2. og 3 stigi sem standi öllum börnum til boða hvar sem þau búa á landinu.

### **Mat á áhrifum m.a. kostnaði.**

Mikilvægt er að fram fari vandað mat á áhrifum þessa frumvarps. Óumdeilt er að samþætt þjónusta við börn og fjölskyldur þeirra mun krefjast mun meiri mannafla en nú er við störf t.d. í velferðarþjónustu sveitarfélaga. Það er því grundvallaratriði að vandað kostnaðarmat fari fram sem verði grundvöllur að skiptingu fjármagns á milli ríkis og sveitarfélaga.

Virðingarfyllst

f. h. velferðarráðs Akureyrarbæjar

  
Guðrún Sigurðardóttir sviðsstjóri